



## 519. Stjórnarfundur haldinn 21. febrúar 2019 kl:18:00

### Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Birgir Ingibergsson (BI), Birgir Már Bragason (BMB), Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Sveinn Adolfsson (SA).

Fjarverandi: Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ fréttapunktur.

Tölvupóstur frá UMFÍ v/frumvarps nr.136 endurgreiðsla á virðisaukaskatti.

### 3. Send bréf

Umsögn send til Alþingis vegna máls nr. 136, endurgreiðsla á virðisaukaskatti.

### 4. Aðalfundur Keflavíkur

Aðalfundur Keflavíkur verður haldinn 5. mars kl. 20:00 í félagsheimili Keflavíkur. Farið var yfir minnispunkta fyrir aðalfundinn. Búið að senda út boðsbréf. Gjaldkeri fór yfir reikningana sem voru áritaðir af skoðunarmönnum félagsins. Stjórnarmenn undirrituðu reikninginn. EH bað stjórnarmenn að fara vel yfir skýrslu stjórnar og senda á sig leiðréttingar ekki seinna en mánudaginn 25. febrúar. BI gefur ekki kost á sér til endurkjörs til stjórnar en áður hafði SA látið vita að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs til varamanns stjórnar. Sveinbjörg Sigurðardóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér til varamanns í aðalstjórn. EH bað stjórnarmenn að huga að öðrum aðila sem hafi áhuga á framboði til stjórnar.

### 5. Jafnréttisáætlun Keflavíkur

EH kynnti jafnréttisáætlun Keflavíkur. Umræður um áætlunina. Jafnréttisáætlunin var síðan samþykkt og undirrituð af stjórnarmönnum.

### 6. Persónuverndarstefna Keflavíkur

EH kynnti persónuverndarstefnu Keflavíkur. Ákveðið var að senda hana á deildir til kynningar ásamt því að setja hana á heimasíðuna til kynningar. Persónuverndarstefnan verður síðan lögð fram til samþykktar eða synjunar á aðalfundi Keflavíkur þann 5. mars 2019.

### 7. Önnur mál

EH sagði frá því að hann hefði haft samband við Sigurgeir R. Jóhannsson frá Gullhjarta en þeir eru með umsókn um að leigja Hringbraut 108.

Ákveðið var að vera með formanna- og gjaldkerafund 11. mars 2019 kl. 18:00 og bjóða upp á súpu.

EH sagði frá því að það væri farið að kvarnast úr kaffistellinu sem er merkt með K-lógóinu.

Næsti fundur verður 7. mars 2019.

Fundi slitið kl. 19:25. Fundinn ritaði ES.

